

Nr. 21-105 S 068 Guðmundur í Nesi RE 13**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 2626 IMO nr. 9235438
Útgerð: Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
Smíðaður: Langsten Slip & Baatbyggeri árg. 2000
Stærð: 1315 brl. 2464 brt.
Mesta lengd: 66 m Skráð lengd: 59,43 m
Breidd: 14 m dýpt: 8,6m
Vél: Wartsila 5,520 kw árg: 2000
Fjöldi skipverja: 24



Guðmundur í Nesi©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. október 2021 var Guðmundur í Nesi RE 13 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SSV 21 m/s.

Skipverjar voru að vinna við að skipta frá tveimur trollum í eitt þegar einn þeirra fékk gilskrók undir hökuna. Nýlega var búið að draga stjórnborðs framgils aftur með hjálparspili (streðari) og lá hann í þilfarinu. Einn skipverjinn ætlaði að húkka gilsinu úr hjálparspilinu en í sömu andrá og hann stóð yfir gilsinum fór spilið á hífingu og gilskrókurinn lenti undir höku skipverjans. Þyrta LHG, sem var stödd á Ísafirði, sótti slasaða og flutti hann á sjúkrahús í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að mistök hjá spilmanni urðu þess valdandi að hjálparspilið fór að hífa þegar slasaði stóð yfir honum;
- að stjórnhandföngin fyrir fremri gils voru útbúin með „on/off“ rofa (mynd 1) fyrir streðara. Hann gerði það að verkum að samhliða því að framgilskrók væri slakað þá var hægt að hífa í hjálparspilið og draga þannig gilskrókinn aftur eftir skipinu;



Mynd 1 Rofinn í handfangi gilsins



Mynd 2 Stjórnborð fyrir spilbúnað í brú

- að eftir að spilmaðurinn var búinn að slaka framgilsinum ætlaði hann að fara að slaka byssuspilinu. Við það rak hann úrið á hægri hendi ofan á rofann á stb hjálparspili sem þá fór á hífingu;
- að fram kom að mikið slit var komið í vökvamótora fyrir hjálparspilið sem varð til þess að stundum var góð virkni í þeim og stundum léleg vegna innbyrðis leka í vökvamótorum. Búið var að panta nýja vökvamótora til að skipta þeim gömlu út;
- að við höggið beit slasaði gat á tunguna en eftir á fann hann einnig fyrir verkjum í hálsvöðvum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að hjálparspilið var óvart ræst.

Sérstök ábending:

Nefndin telur að í staðinn fyrir að nota „on/off“ rofa í handfanginu fyrir framgilsinn væri heppilegra að nota þrýstirofa sem halda þyrfti niðri á meðan hjálparspil er í notkun.